

una við dóminn, en úr þessu hefir verið bætt með því að hér fyrir réttinn hefir verið lagt vottorð frá hlutaðeigandi stefnuvottum, um að ákærði hafi afdráttarlaust lýst yfir því, að hann vildi ekki una við dóminn. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Magnús Hjaltason sæti 12 mánaða betrunarhúsvinnu. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins skal óraskað. Ákærði greiði allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Boga Brynjólfssonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með öðfór að lögum.

Mánudaginn 14. dag ágústmán.

Nr. 66/1910:

Johan Balslev

gegn

hreppsnefnd Stykkishólshrepps.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áfryjandinn, Johan Balslev stórkaupmaður

í Kaupmannahöfn, gegn stefndu, hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, til að fá þá dæmda til að greiða sér kr. 11509,47 ásamt 6% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og var málið dæmt í nefndum rétti 13. júnímán. f. á., þannig, að hreppsnefndin var sýknuð af kærnum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 18. nóv. f. á. og krafist þess að allga, að stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjandanum þá upphæð, væntanlega kr. 10711,58, er þeir hafi borgað Guðmundi E. J. Guðmundssyni bryggjusmið upp í bryggjusmiði í Stykkishólmi eftir að þeir, samkvæmt tilkynningu áfrýjanda í bréfi 11. marz 1909, hafi fengið vitneskju um framsal Guðmundar til áfrýjanda á þeirri borgun, til vara að þeir verði dæmdir til að greiða áfrýjanda það, er þeir í sama skyni hafi borgað bryggjusmiðnum eftir 25. ágúst 1909, kr. 1970,71, og til þrautavara, að þeir verði dæmdir til að greiða áfrýjanda það, er þeir hafi borgað upp í sama verk eftir 6. okt. 1909. Hinir stefndu hafa af sinni hálfu krafist staðfestingar á dóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Með skjali, dags. í Kaupmannahöfn 10. marz 1909, framseldi bryggjusmiður Guðmundur E. J. Guðmundsson, er tekið hafði að sér fyrir umsamda borgun og hafði þá með höndum smiði á hafskipabryggju í Stykkishólmi, áfrýjandanum, til tryggingar skaðlausri greiðslu 13000 kr. skuldar til hans fyrir efni til bryggjunnar, rétt sinn til borgunar fyrir bryggjusmiðina hjá Stykkishólmshreppi, bæði þeirrar borgunar, er hann hafði unnið fyrir, og þeirrar, er kæmi síðar til fyrir fullgerð bryggjunnar; og

var tekið fram í skjalinu, að bryggjusmiðnum skyldi vegna framsalsins óheimilt að veita móttöku nokkru af borgun þessari, nema því að eins, að trygging væri fyrir því, að áfryjandinn ætti vísar nefndar 13000 kr. að lokinni bryggjusmiðinni.

Frá þessu framsalsskjali kveðst áfryjandi hafa skýrt hreppsnefndinni með bréfi, dags. daginn eftir 11. marz 1909, og lagt þar bann fyrir, að nokkur hluti eftirstöðvanna af borguninni fyrir bryggjusmiðina yrðu greiddar öðrum en sér, nema honum væru trygðar 13000 krónurnar, er smiðinni væri lokið. Áfryjandi lét og fylgja bréfinu eftirrit og óskaði þess, að hreppsnefndin sendi eftirritið aftur með áritaðri viðurkenningu um móttöku bréfsins.

Þegar vænta mátti að bréf þetta hefði komið til Stykkishólms í hendur hreppsnefndarinnar eða í miðjum aprilmán. 1909, voru enn ógreiddar bryggjusmiðnum af borgun þeirri, er hann vann fyrir síðar með fullgerð bryggjunnar, kr. 10711,58, og með því stefndu greiddu honum síðar, þrátt fyrir tilkynningarbréf þetta, alla þá upphæð, hefir áfryjandi talið þá hafa orðið með því skaðabótaskylda við sig, og krafist, að þeir yrðu dæmdir til að greiða sér nefnda upphæð, og er þetta aðalkrafa hans.

En nú er því neitað af stefndu, að þeir hafi nokkurn tíma fengið nefnt tilkynningar- og bannbréf áfryjanda, er hann kveðst hafa sent þeim 11. marz 1909, og þeir hafa neitað því yfir höfuð, að þeir hafi öðlast nokkra vitneskju um framsal bryggjusmiðsins til áfryjanda, það er bréfið átti að skýra þeim frá, fyr en seint á sumrinu, og þá var bryggjusmiðurinn sjálfur búinn að fá greidda mest alla borgunina fyrir bryggjuna. Þessari neitun

stefndu hefir ekki verið hnekt á neinn hátt af áfrýjanda hálfu, heldur ekki með mótmæltri utanréttaryfirlýsingu bryggjusmiðsins, sem fengin hefir verið eftir að málið kom fyrir yfirdóminn, um að stefndu hafi fengið tilkynningarbréfið 11. marz frá áfrýjanda og þess vegna verið kunnugt um framsal hans til áfrýjanda. Það verður því að ganga út frá því, að stefndu hafi ekkert vitað um framsalið á þessu tímabili og téð yfirlýsing bryggjusmiðsins getur eigi haft þá þýðingu, að stefndu, eins og áfrýjandi hefir krafist til vara, verði lagt fyrir að staðfesta þá neitun sína með eiði, um það, að þeir hafi fengið bréf áfrýjanda 11. marz og þar með vitneskju um framsalið. Ástæður þær, er áfrýjandi hefir byggt á aðalkröfu sína, eru því eigi á rökum byggðar og þarf hún því eigi frekari athugunar. Það er aftur á móti sannað í málinu, að með ábyrgðarbréfi frá áfrýjanda, dags. 10. ágúst 1909, sem kom til Stykkishólms 25. s. m. og oddviti hreppnefndarinnar tók við 6. sept. s. á., fengu stefndu tilkynningu um framsal bryggjusmiðsins til áfrýjanda, og að stefndu hafa greitt bryggjusmiðnum eftir að þeir höfðu þannig fengið vitneskju um framsalið, ýmsar upphæðir, samtals 1970 kr. 71 e. Telur áfrýjandi því þessa upphæð heimildarlaust greidda öðrum en sér, og krefst skaðabótar er henni nemi hjá stefndu, og er þetta varakrafa hans. Þessari kröfu áfrýjanda verður þó heldur ekki sint, þegar af þeirri ástæðu, sem borin hefir verið fyrir af stefndu, að bréf áfrýjanda 10. ágúst 1909, var að eins ósönnuð sögusögn hans um framsalið, þar sem bréfinu fylgdu engin skilríki, er stefndu gætu byggt á gagnvart bryggjusmiðnum, en það sést af málinu, að hann eftir sem áður hefir álitid sig bærán um að kvitta fyrir greiðslu upp

í borgunina fyrir bryggjuna og sýndi með því, að hann viðurkendi ekki rétt áfrýjanda til borgunarinnar, og kemur þetta heim við það, er stefndu hafa borið fram í málinu, að hann hafi við þá talið sögusögn áfrýjanda um framsalið markleysu. Auk þess hafa og stefndu, að því er virðist, nægilega upplýst það, að aðrar upphæðir voru ekki greiddar af borgun bryggjunnar eftir að bréfið 10. ágúst kom þeim í hendur, en þær, er stefndu höfðu þegar áður skuldbundið sig samkvæmt ávísun eða ráðstöfun bryggjusmiðsins til að greiða öðrum fyrir hans hönd, og gátu þeir þá ekki verið skyldir til að rifta þeim skuldbindingum sínum fyrir tilkynninguna frá áfrýjanda, sem síðar kom. Þetta, sem nú hefir verið sagt um áður samþykta ávísun eða ráðstöfun bryggjuborgunarinnar, leiðir það og með sér, að þrautavarakrafa áfrýjanda, að stefndu verði skyldaðir til að greiða honum það, er þeir greiddu bryggjusmiðnum upp í brúarbygginguna eftir 6. okt. 1909, er þeim var birt sjálft framsalið og bréf áfrýjanda 11. marz 1909, — en það virðist hafa verið einar 125 krónur, — verður heldur eigi tekin til greina.

Samkvæmt framansöggðu verður eigi álitid, að áfrýjandi eigi neina kröfu á hendur stefndu, sem virðast hafa greitt að fullu borgunina fyrir bryggjusmiðina, og ber því að staðfesta gestaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndu 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Johan Balslev,

stórkaupmaður í Kaupmannahöfn, stefnu, hreppsnefnd Stykkishólshrepps, 40 — fjörutíu — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 67/1910:

G. E. J. Guðmundsson

gegn

hreppsnefnd Stykkishólshrepps.

D ó m u r :

Áfryjandinn Guðmundur E. J. Guðmundsson bryggju-smiður höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Snæfellsness og Hnappadalssýslu gegn stefnu, hreppsnefnd Stykkishólshrepps, til greiðslu eftirstöðva af borgun fyrir smíði á hafskipabryggju í Stykkishólmi, er hann taldi sig eiga hjá hreppnum, 5875 kr., og til lúkningar skaðabóta að upphæð 3500 kr. Jafnframt höfðu stefnu gagnsök gegn áfryjandanum og kröfðust skaðabóta af honum fyrir sammingsrof, 2000 krónur. Var mál þetta dæmt í nefndum rétti 13. júní f. á. með þeim úrslitum, að málsaðilar voru dæmdir sýknir hvor af annars kröfum og málskostnaður látinn falla niður.

Nefndum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 18. nóv. f. á., og hefir hann eins og fyrir gestaréttinum krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér samtals 9375 krónur ásamt 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir undirrétti bæði í aðalsök og gagnsök, að